

GYLLINÆÐ Á MEÐGÖNGU

ICD-10 greining:

O22.4 Gyllinæð á meðgöngu

Gyllinæð og óþægindi af henni er algengur kvilli á meðgöngu. Helstu einkenni eru útbungun kringum endaparm, kláði og blæðing getur komið fyrir. Gyllinæð er hvorki hættuleg á meðgöngu né í fæðingu. Rétt er að skoða konuna til að staðfesta greiningu og hafa í huga mismunagreiningar svo sem sprungur eða sveppasýkingu við endaparm. Ef blæðir frá endparmi er æskilegt að ráðfæra sig við heimilislækni.

MEÐFERÐ

Lyfjameðferð við gyllinæð er ekki alltaf nauðsynleg, þótt greining liggi fyrir, ef einkennin eru þolanleg. Sjaldan er þörf á lyfjum á fyrsta trimestri.

Mikilvægt er að halda hægðum eðlilegum og koma í veg fyrir hægðatregðu. Kælandi meðferð, t.d. ísbakstrar geta linað óþægindi.

Sjá nánar almenn ráð [Gyllinæð | Heilsuvera](#)

Nota má gel og krem til að deyfa staðbundið.

Doloproct® (lidocain og fluocortolon) er til bæði sem endaparmsstíll og krem. Það er lyfseðilsskytt. Nota má bæði stíl og krem samtímis. Sé Doloproct notað, ætti það að vera í stuttan tíma í einu svo síður verði vart aukaverkana (húðþynningar með kláða og viðbótaróþægindum).

Einstaka sinnum getur gyllinæð bólgnað vegna blóðstorku. Þessu fylgja miklir verkir og er þá rétt að leita læknis sem getur létt á þrýstingnum.